



Reykjavíkurborg • Umhverfis- og tæknisvið
Skrifstofa borgarverkfræðings

Reykjavík, 5. desember 2003
2003110061
20.4

Umhverfis- og tæknisvið - Verkfræðistofa
Ólafur Bjarnason
forstöðumaður
Skúlatún 2
105 REYKJAVÍK

Hjóreiðabraut meðfram Vesturlandsvegi að byggðarkjarna Kjalarness

Hér með er send útskrift úr gerðarbók samgöngunefndar 2. desember sl. svohljóðandi;

Bréf Magnúsar Bergssonar, f.h. Landssamtaka hjóreiðamanna, dags. 27.11.2003, varðandi beiðni um að lögð verði bein hjóreiðabraut meðfram Vesturlandsvegi að byggðarkjarna Kjalarness.

Vísað til Verkfræðistofu RUT.



Þórhildur Lilja Ólafsdóttir,
ritari samgöngunefndar

Afrit:
Magnús Bergsson

Hjálagt:
Erindi og bréf Ólafs Bjarnasonar
forstöðumanns Verkfræðistofu RUT



Samgöngunefnd
Þórhildur Lilja Ólafsdóttir ritari

Hjólreiðabraut meðfram Vesturlandsvegi

Vísað er til umsagnar verkfræðistofu crindi Landssamtaka hjólreiðamanna um hjólreiðabraut meðfram Vesturlandsvegi dags. 27. nóv. 2003.

Tekið er undir það sjónarmið að vegaxlir á Vesturlandsvegi og öðrum stærri stofnbrautum eru ekki æskilegar hjólreiðabraitir. Á þjóðvegum landsins verða hjólreiðamenn almennt að láta sér lynda að vera með akandi umferð.

Í Reykjavík hefur áhersla verið lögð á góðan aðskilnað milli akandi og hjólandi umferðar og göngu- og hjólreiðastígar fylgja einatt öðrum leiðum en stofnbrautum og þjóðvegum. Sem dæmi er stígur í Fossvogsdal og með ströndinni. Á aðalskipulagi Reykjavíkur er ekki gert ráð fyrir samfelldum stígum meðfram Vesturlandsvegi út úr borginni, enda óhægt að koma þeim við. Meðfram Sundabraut er gert ráð fyrir göngu- og hjólreiðastíg þar sem því verður við komið. Tekið undir það sjónarmið að greiðar og öruggar leiðir fyrir hjólreiðar séu til allra átta og gera má betur til að tengja saman stíga milli sveitarfélaga.

Framundan er vinna við stefnumótun í samgöngumálum og verða sjónarmið hjólreiðamanna tekin þar til skoðunar.

Ólafur Bjarnason
forstöðumaður verkfræðistofu

**SKJALASAFN
BORGARVERKFRÆDINGS**

27 NOV. 2003

Málsnr.: 2003/110061
Bréfalykill: 20.4

Landssamtök hjólfreiðamanna
Pósthólf 5193
125 Reykjavík
www.hjol.org

27. nóvember 2003

Samgöngunefnd Reykjavíkur

Þar sem Kjalarnes er innan borgarmarka Reykjavíkur hvetja Landssamtök hjólfreiðamanna borgaryfirvöld til að leggja greiða og beina hjólfreiðabraut meðfram Vesturlandsveginum að byggðarkjarna Kjalarness.